Reglur Ísafjarðarbæjar um kjör og starfsaðstöðu kjörinna fulltrúa

1. gr.

Um starfskjör kjörinna fulltrúa

Bæjarfulltrúar hjá Ísafjarðarbæ frá greidda þóknun og útlagðan kostnað vegna starfa sinna eftir reglum þessum. Aðrir kjörnir fulltrúar í nefndum og ráðum fá jafnframt greidda þóknun fyrir störf sín eftir ákvæðum þessara reglna.

2. gr.

Skilgreiningar

Nefndir og ráð Ísafjarðarbæjar samkvæmt reglum þessum eru bæjarstjórn, bæjarráð, fjallskilanefnd, hafnarstjórn, menningarmálanefnd, skipulags- og mannvirkjanefnd, skóla-, íþrótta- og tómstundanefnd, umhverfis- og framkvæmdanefnd, velferðarnefnd, ungmennaráð, öldungaráð, yfirkjörstjórn, undirkjörstjórnir, og aðrar þær nefndir og starfshópar sem skipaðir eru samkvæmt samþykktum bæjarstjórnar.

Kjörnir fulltrúar eru bæjarfulltrúar og aðrir kjörnir fulltrúar sem getið er um í 1. gr., ýmis kosnir af íbúum í sveitarstjórnarkosningum eða kosnir af bæjarstjórn í nefndir, ráð eða starfshópa.

3. gr.

Þóknun til kjörinna fulltrúa

Þóknun bæjarfulltrúa og annara kjörinna fulltrúa fyrir setu á fundi í bæjarstjórn og ráðum og nefndum er hlutfall af þingfararkaupi eins og það er hverju sinni. Miðast reglur þessar við þingfararkaup 1. júlí 2025, sem er kr. 1.611.288.

Greiðslum vegna fundarsetu kjörinna fulltrúa og nefndarmanna er ætlað að mæta vinnuframlagi vegna undirbúnings og þátttöku í fundum viðkomandi nefnda eða ráða, þannig að nefndarmenn geti verið vel inni í þeim málum sem til umfjöllunar eru.

Aðalfulltrúar í bæjarstjórn fá auk þess greidda mánaðarlega fasta þóknun 12 mánuði á ári. Greiðsla fastrar þóknunar hefst 1. júní þess árs sem kosið er, og lýkur 31. maí fjórum árum síðar.

Mánaðarlegum greiðslum til bæjarfulltrúa er ætlað að mæta vinnuframlagi vegna starfa þeirra í þágu Ísafjarðarbæjar, en þau snúa að stefnumótun, eftirliti með starfsemi sveitarfélagsins og hagsmunagæslu fyrir sveitarfélagið og íbúa þess. Meðal þeirra starfa sem um ræðir eru fundarsetur í ráðum og nefndum, þátttaka í ráðstefnum um sveitarstjórnarmál, þátttaka í fundum með öðrum stofnunum vegna málefna sveitarfélagsins, undirbúningur fyrir fundi, rýni gagna sem varða sveitarstjórnarmál, lestur skýrslna og fundargerða, samskipti við íbúa og starfsfólk sveitarfélagsins.

Um kjör áheyrnarfulltrúa í bæjarráði gilda sömu reglur og um aðalfulltrúa í bæjarráði.

Varafulltrúar fá greidda þóknun sem aðalfulltrúar fyrir hvern heilan setinn fund. Varafulltrúar sem taka sæti í bæjarstjórn eða bæjarráði í einstökum málum fá greidda þóknun sem nemur 25% af fundarlaunum, óháð fjölda mála sem þeir taka þátt í á fundinum.

Orlof telst innifalið í föstum mánaðarlaunum og nefndarsetulaunum.

Þóknun kjörinna fulltrúa er sem hér segir:

	Hlutfall þingfarkaups	**Fjárhæð m.v. 1.7.25**
Forseti bæjarstjórnar, mánaðarþóknun	6,7%	107.555
Aðalfulltrúi í bæjarstjórn, mánaðarþóknun	6,7%	107.555
Forseti bæjarstjórnar, þóknun pr. fund	6,7%	107.555
Fulltrúi í bæjarstjórn, þóknun pr. fund	3,3%	53.777
Formaður bæjarráðs, þóknun pr. fund	6,7%	107.555
Fulltrúi í bæjarráði, þóknun pr. fund	3,3%	53.777
Formaður í nefnd/ráði, þóknun pr. fund	3,3%	53.777
Fulltrúi í nefnd/ráði, þóknun pr. fund	1,7%	26.889
Þóknun fyrir fundarsetu heilan dag	3,3%	53.777
Þóknun fyrir fundarsetu hálfan dag	1,7%	26.889

*Upphæð fjárhæðar skal taka breytingum út frá breytingum á þingfararkaupi 1. júlí ár hvert

4. gr.

Þóknun kjörstjórnar

Fulltrúar í yfirkjörstjórn og undirkjörstjórnum fá greidda þóknun fyrir undirbúning kosninga, vinnu á kjördag og frágang að kosningum loknum, í samræmi við erindisbréf kjörstjórna.

Fyrir setu í yfirkjörstjórn er greidd þóknun fyrir tvo fundi, upphafsfund og skilafund, samkvæmt ákvæðum 3. gr. þessara reglna, auk eins upplýsingafundar með undirkjörstjórnum. Fyrir setu í undirkjörstjórn er greidd þóknun fyrir upplýsingafund með yfirkjörstjórn. Að öðru leyti er greitt samkvæmt tímagjaldi fyrir unnar klukkustundir og skal miðað við kjarasamning Sambands íslenskra sveitarfélaga og Verkalýðsfélag Vestfirðinga, og fjárhæð sem nemur launaflokki 122-0 fyrir fulltrúa í undirkjörstjórn, og launaflokk 133-0 fyrir fulltrúa í yfirkjörstjórn. Greidd er fjárhæð sem nemur „yfirvinnu 2“, ef vinna fer fram eftir kl. 17.00 á virkum degi eða um helgi. Að auki er greitt fyrir akstur í samræmi við 9. gr. þessara reglna.

Þóknun er greidd út í einu lagi eftir kjördag, í kjölfar þess að yfirkjörstjórn skilar tímaskýrslu yfirkjörstjórnar og undirkjörstjórna til sviðsstjóra stjórnsýslu- og fjármálasviðs.

5. gr.

Veikindaréttur

Kjörnir fulltrúar sem eru á föstum mánaðarlaunum eiga rétt á veikindaleyfi í allt að þrjá mánuði, þó eigi lengur en til loka kjörtímabils. Greiðslur vegna veikinda miðast við föst laun. Skila skal inn vottorði til launadeildar.

Forfallist formenn ráða og nefnda í lengri tíma en einn mánuð tekur varaformaður laun sem formaður á meðan hann gegnir því starfi.

6. gr.

Lífeyrisréttindi og tryggingar

Ísafjarðarbær heldur eftir iðgjaldi í lífeyrissjóð af þóknunum bæjarfulltrúa samkvæmt ákvæðum laga nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða. Greitt er iðgjald í Gildi - lífeyrissjóð, nema óskað sé eftir því að greitt sé í annan lífeyrissjóð.

Iðgjald kjörinna fulltrúa í lífeyrissjóð skal vera 4% gegn 11,5% mótframlagi Ísafjarðarbæjar.

Um viðbótarlífeyrissjóðsgreiðslur fer einnig samkvæmt ofangreindum lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða. Ísafjarðarbær greiðir 2% mótframlag, gegn samsvarandi framlagi bæjarfulltrúa.

Bæjarfulltrúar eru slysatryggðir hjá Ísafjarðarbæ, skv. almennri slysatryggingu, í störfum sínum fyrir sveitarfélagið, með sama hætti og starfsmenn Ísafjarðarbæjar samkvæmt kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og Verkalýðsfélags Vestfirðinga. Um rétt til launa vegna óvinnufærni í kjölfar slysa fer eftir 5. gr.

7. gr.

Fæðingar- og foreldraorlof

Um rétt kjörinna fulltrúa til fæðingar- og foreldraorlofs fer eftir lögum um fæðingar og foreldraorlof nr. 95/2000. Skila þarf tilkynningu um fæðingar- og foreldraorlof til launadeildar Ísafjarðarbæjar áður en kjörinn fulltrúi getur nýtt sér þennan rétt sinn. Á meðan á orlofinu stendur fær kjörinn fulltrúi launagreiðslur úr Fæðingarorlofssjóði.

8. gr.

Fundir, ráðstefnur, þing og kynnisferðir

Bæjarfulltrúar og nefndarmenn fá ekki greiðslur fyrir fundarsetu á fundum, þingum og ráðstefnum, né fyrir þátttöku í kynnisferðum sem bæjarfulltrúum er gefinn kostur á að sækja. Sveitarfélagið greiðir þátttökugjald í þeim tilvikum sem um það er að ræða.

Greidd er þóknun fyrir fundarsetu sé bæjarfulltrúa eða nefndarmanni falið að mæta með ákvörðun bæjarstjórnar eða fastanefndar, þ.e. vegna Landsþings og Fjórðungsþings. Auk þessa er greitt fyrir setu á fjármálaráðstefnu Sambands íslenskra sveitarfélaga. Greitt er fyrir heilan dag og hálfan dag í samræmi við 3. gr. þessara reglna.

9. gr.

Ferða- og dvalarkostnaður

Bæjarfulltrúarfulltrúar eiga rétt á greiðslu ferða- og dvalarkostnaðar, sbr. 32. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011, vegna þátttöku í fundum, ráðstefnum, þingum og kynnisferðum utan sveitarfélagsins, sem bæjarfulltrúum er gefinn kostur á að sækja.

Greitt er samkvæmt útlögðum kostnaði gegn framvísun reiknings. Bókanir á flugferðum og gistingu skulu fara í gegnum sviðsstjóra stjórnsýslu- og fjármálasviðs.

Akstur vegna starfa í þágu sveitarfélagsins á eigin bifreið er greiddur eftir akstursdagbók eða reikningi. Bæjarfulltrúar og nefndarmenn fá greiddan akstur milli heimilis og fundarstaðar enda sé vegalengdin lengri en 20 km. Miðast greiðslur á ekinn km við ákvörðun ríkisskattstjóra um aksturskostnað. Ætíð skal leitast við að ferðast á sem hagkvæmastan hátt, s.s. með því að leigja bílaleigubíl eða samnýta ferðakosti ef mögulegt er.

10. gr.

Starfsaðstaða bæjarfulltrúa

Bæjarfulltrúar hafa aðgang að sameiginlegri vinnustöð og fundaraðstöðu á skrifstofu Ísafjarðarbæjar á Ísafirði í samráði við bæjarstjóra eða sviðsstjóra stjórnsýslu- og fjármálasviðs.

11. gr.

Vinnutæki bæjarfulltrúa

Aðalfulltrúar í bæjarstjórn fá afhenta tölvu til notkunar í upphafi kjörtímabils vegna starfa sinna. Tölvur eru eign sveitarfélagsins og skal merkja og skrá eins og annan búnað Ísafjarðarbæjar. Skal þeim skilað láti bæjarfulltrúi að störfum innan eða í lok kjörtímabils.

Um notkun tölvu- og tæknibúnaðar sveitarfélagsins gilda reglur Ísafjarðarbæjar um netnotkun, meðferð tölvupósts, gagna, tölvu- og hugbúnaðar.

Í lok kjörtímabils gefst aðalfulltrúum kostur á að kaupa tölvuna, enda sé hún eldri en tveggja ára, í samræmi við 13. gr. reglna Ísafjarðarbæjar um netnotkun, meðferð tölvupósts, gagna, tölvu- og hugbúnaðar.

Verði bilun í vélbúnaði fartölvu bæjarfulltrúa skal hann skila henni til verkefnastjóri tæknilausna og innkaupa sem aðstoðar viðkomandi. Verði bilun í hugbúnaði tölvunnar skal bæjarfulltrúi óska aðstoðar hjá fjar- og vettvangsþjónustu sveitarfélagsins skv. verklagi þar um.

12. gr.

Gildistaka.

Reglur þessar byggja á 32. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 1238/2011, og 25. og 45. gr. samþykktar um stjórn Ísafjarðarbæjar og fundarsköp bæjarstjórnar.

Reglur þessar gilda frá samþykkt þeirra í bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar þann 1. október 2026.